

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr.:

- a. Í stað orðanna „Master of Library and Information Science“ í upptalningu lærdómstítla í tölulið 2.1 í 1. mgr. kemur: Master of Information Science.
- b. Í stað skammstöfunarinnar „MLIS“ í sama tölulið 1. mgr. kemur: MIS.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr.:

- a. Í stað orðanna „MLIS (Master of Library and Information Science)“ í 1. málslíð 14. mgr. kemur: MIS (Master of Information Science).
- b. Í stað skammstöfunarinnar „MLIS-nám“ í lok 2. málslíðar 25. mgr. kemur: MIS-nám.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr.:

- a. Á eftir staflið e í upptalningu kennslugreina í 1. mgr. bætist inn nýr stafliður, f-liður, og verður því núverandi stafliður f að staflið g. Nýr stafliður f hljóðar svo: Til meistaraþrófs, MS-þrófs, í geislafræði, lífeindafræði og sjúkraþjálfun.
- b. Í stað orðanna „nám til BS-þrófs í sjúkraþjálfun jafngildir 240 einingum“ í 1. málslíð 7. mgr. kemur: nám til BS-þrófs í sjúkraþjálfun jafngildir 180 einingum.
- c. Í stað orðanna „fullnaðarprófi í sjúkraþjálfun“ í 3. málslíð 7. mgr. kemur: BS-prófi í sjúkraþjálfun.
- d. Á eftir 3. málslíð 7. mgr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Að loknu BS-prófi í sjúkraþjálfun tekur við 120 eininga nám til MS-þrófs.
- e. Á eftir orðunum „líf- og læknávisindum“ í lok 8. mgr. bætast við þessi orð: geislafræði, lífeindafræði og sjúkraþjálfun.
- f. Í stað tölunnar „60“ í 4. málslíð 9. mgr. kemur: 30.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr.:

- a. 3. málslíður 6. mgr. orðast svo: Kennslu í sjúkraþjálfun skal haga þannig að unnt sé að ljúka námi til BS-þrófs á þremur árum en heildarnámstími má ekki vera lengri en fjögur ár.
- b. Á eftir 3. málslíð 6. mgr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Að því námi loknu tekur við 120 eininga nám til MS-þrófs en heildarnámstími má ekki vera lengri en þrjú ár.
- c. 1. málslíður 8. mgr. orðast svo: Læknadeild, í samvinnu við heilbrigðisstofnanir, stendur fyrir framhaldsmenntun læknakandídata og sjúkraþjálfara, eftir því sem fjárveitingar og aðrar aðstæður leyfa.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 119. gr.:

- a. Við upptalningu kennslugreina til M.Ed.-þrófs í b-lið 1. mgr., á eftir orðinu leikskóla-kennarafræði, bætist: menntunarfræði leikskóla.
- b. 17. mgr. breytist og orðast svo: Diplómanám í leikskólafræðum er sjálfstætt 120 eininga grunnnám.

#### 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr.:

- a. Við upptalningu kennslugreina til MA-þrófs í b-lið 1. mgr., á eftir orðunum „forvarnir og lífssýn“, bætist: foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf.

- b. Fremst í upptalningu kennslugreina til M.Ed.-prófs í c-lið 1. mgr. bætist: Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf.
- c. 2. mgr. breytist og orðast svo: Uppeldis- og menntunarfræðideild er skipað í þrjár námsbrautir, sbr. ákvæði 21. gr. þessara reglna: Námsbraut í menntastjórnun og matsfræði, námsbraut í menntunarfræði og margbreytileika og námsbraut í sálfræði í uppeldis- og mennta-  
vísindum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 132. gr.:

- a. Aftast í a-lið 1. mgr. 132. gr. bætast við þessi orð: og verkfræðilegrar eðlisfræði í samstarfi við aðrar deildir verkfræði- og náttúruvísindasviðs.
- b. Aftast í b-lið 1. mgr. 132. gr. bætast við þessi orð: auk verkfræðilegrar eðlisfræði í samstarfi við aðrar deildir verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

8. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 22. janúar 2014.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

*Dórður Kristinsson.*